



Fundargerð verkefnahópsfundar, 9.12.2021 kl 11:00

Mættar voru:

Sif Huld Albertsdóttir, formaður sem einnig ritaði fundargerð
Póra Marý Arnórsdóttir
Arnheiður Jónsdóttir
Soffía Guðrún Guðmundsdóttir
Guðný Hildur Magnúsdóttir

Einnig sat fundinn Guðný Sverrisdóttir ráðgjafi hjá Ráðrík.

Framkvæmdastjóri byrjaði á því að kynna inn Guðný Sverrisdóttur.

1. Fundargerð stjórnarfundar

Lögð fram til kynningar.

2. Stuðningsfjölskyldur, kostnaður

Verkefnahópur leggur til við stjórn að tengja greiðslu stuðningsfjölskyldna við meðlagsgreiðslur á hverjum tíma fyrir sig. Verkefnahópur telur mikilvægt að breytingin eigi sér stað fyrir ári 2022 þó svo að fjárhagsáætlanir sveitarfélagana hafa flestar verið samþykktar, lagt er til að fylgjast vel með kostnaðarbreytingum og gera viðauka ef séð er að kostnaður er að fara fram úr áætlun ársins 2022.

3. Erindi Ísafjarðarbær

Framkvæmdastjóri fór yfir erindi sem kom inn vegna ferðakostnaðar. Lagt fram í trúnaðarmálabók.

4. Breyting á þjónustu

Framkvæmdastjóri var falið á fundi verkefnahóps þann xxxxxx að skoða breytingu á þjónustu skammtímavistunar, hún ásamt Soffíu félagsmálastjóra Stranda og Reykhólahrepps fóru yfir það sem hefur átt sér stað vegna breytingar á skammtímavistun. Póra Marý bauð einnig fram aðstoð Ísafjarðarbæjar við að koma verkefninu áfram, aðstoð með vaktatöflum og öðru sem þarf að skoða þegar skammtímavistun er sett á laggirnar.

5. Önnur mál

Fundur með stjórn, lagt er til að vikuna 10-14 janúar verði staðfundur með stjórn BsVest, framkvæmdastjóra falið að kanna tímasetninguna með stjórn BsVest.